

A 1745/holdbart

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Þingmannatillaga um norræna samstöðu á vettvangi ESB um málefni skóga

Tillögur

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að beita sér fyrir mótun sameiginlegrar norrænnar afstöðu á vettvangi ESB varðandi mikilvægar atvinnugreinar sem byggja á skógarnytjum

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að vinna að og beita sér fyrir sameiginlegri norrænni afstöðu á vettvangi ESB varðandi mikilvægar atvinnugreinar sem byggja á skógarnytjum

Forsaga

Skógar eru auðlind sem skiptir miklu fyrir hagkerfi okkar, orkuframleiðslu og skipti til sjálfbærra samfélaga.

Skógar eru og hafa löngum verið mikilvægur grundvöllur velferðar í norrænu löndunum.

Skógarvinnsla er afar þýðingarmikil fyrir atvinnutækifæri, orkuframleiðslu og umskipti til sjálfbærra samfélaga.

Í norrænu löndunum er víðtæk samstaða um mikilvægi skógarvinnslu. Við ræktum skóglendið, þróum viðskiptatækifæri og lítum á skógana sem afgerandi þátt í að ná umhverfis- og loftslagsmarkmiðum, jafnt í hverju landi fyrir sig sem á vettvangi ESB.

Áframhaldandi þróun þessarar mikilvægu auðlindar næstu ár ræðst að miklu leyti á vettvangi ESB. Í Evrópu eru forsendur og væntingar til mikilvægis hráefnis frá skógum mjög mismunandi. Á norðlægum svæðum ESB og í Noregi er lítið á skóga sem mikilvæga auðlind, annars staðar í Evrópu eru skógar einungis tækifæri til útivistar og náttúruupplifana.

Þessi ólíku viðhorf skipta miklu þegar ESB setur reglur sem eiga að stýra þróun skógarvinnslu til framtíðar.

Ef stóru löndin, til dæmis Þýskaland og Holland, ráða för í reglugerðum ESB á þessu sviði mun það ekki bara ógna störfum, skaða landsbyggðina og gera erfiðara um vik



að ná settum loftslagsmarkmiðum, heldur tapast einnig sú mikla og endurnýjanlega auðlind sem skógurinn er.

Hagkerfi norrænu landanna eru lítil og opin, hvert fyrir sig eiga þau erfitt uppdráttar gagnvart stórum hagkerfum eins og til dæmis í Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi. Sameinuð getum við haft umtalsverð áhrif. Norðlægu svæðin, ásamt nágrönnum okkar við Eystrasaltið, eru hagvaxtarsvæði ESB og um leið áhrifamikið vald í Evrópusambandinu.

Þetta kom líka greinilega í ljós í Evrópuþinginu 13. september en þá komu Finnar, í samstarfi við Svía og Letta og með fulltingi EPP-hópsins, „norrænni línu“ að í atkvæðagreiðslu um hvernig ESB-ríkin skuli halda bókhald um losun og bindingu kolefnis í skógrækt - LULUCF.

Reglurnar sem samþykktar voru munu hafa áhrif á skógarvinnslu næstu áratugina. Með norrænu og baltnesku átaki tókst að sýna fram á að skógarvinnsla er auðlind en ekki mengunarvaldur.

Annar ávinningur var áherslan á að stefna í skógarvinnslu er málefni hvers lands fyrir sig en ekki málefni sem ESB á að skipta sér af.

Þetta var sigur fyrir norrænu afstöðuna, en enn eru áskoranir sem þarf að mæta. Fyrsti „skuggafundurinn“ um RED2, sjálfbærni viðmið ESB, var haldinn 5. september.

RED2 tekur til fleiri sviða en skógarvinnslu, en sýnin á skóginn sem auðlind er einnig afgerandi hér og það sjónarmið þarf að verja gagnvart þeim sem einungis líta á skóga sem eitthvað sem þarf að vernda.

Til að standa vörð um og þróa skógarvinnsluna þurfa norrænu löndin að koma sameinuð fram og tala einni röddu í ESB. Atkvæðagreiðslan 13. september sýndi að það ber árangur.

Fulltrúar okkar á Evrópuþinginu vinna nú þegar öflugt starf og myndu ná enn meiri árangri ef sameinuð norræn rödd væri að baki þeim.

Reykjavík, 19. september 2017

Bengt Morten Wenstøb (H)

Bente Stein Mathisen (H)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Brynjar Nielsson (Sj.)

Hans Wallmark (M)

Heidi Nordby Lunde (H)

Juhana Vartiainen (saml)

Lars-Arne Staxäng (M)

Lena Asplund (M)

Maria Stockhaus (M)

Michael Tetzschner (H)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Susanna Koski (saml)

Sylvi Graham (H)

Teitur Björn Einarsson (Sj.)

Thomas Finnborg (M)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Wille Rydman (saml)